

Áskrifendasamningur Auðkennis ehf.

Þú verður að lesa vandlega samning þennan og vottunarframkvæmd Auðkennis (CPS) áður en þú samþykkir eða notar stafrænt skilríki frá Auðkenni. Með því að samþykkja samning þennan og sækja um skilríki til Auðkennis tjáir þú vilja þinn að vera bundin(n) af ákvæðum samnings þessa og vottunarframkvæmd Auðkennis. Ef þú samþykkir ekki ákvæði samnings þessa skaltu ekki samþykkja eða nota stafrænt skilríki frá Auðkenni. Ef þú ert ekki ánægð(ur) með skilríkið getur þú skilað því innan 15 daga frá afhendingu. Sendu okkur tölvupóst á legal@audkenni.is til að fá nánari upplýsingar varðandi samning þennan.

Notendasamningur þessi ("Samningur") tekur gildi á sama tíma og stafræna skilríkið sem fylgir (upphaf gildistíma), milli Auðkennis hf. (Auðkenni) og einstaklingsins eða félagsins/stofnunarinnar (áskrifandi) sem móttækur skilríkið.

1. Skilgreiningar:

Stafrænt skilríki (e. Digital Certificate)

Safn rafrænna gagna sem samanstendur af dreifilykli, upplýsingum til að auðkenna eiganda dreifilykilsins og upplýsingum um gildi, sem hefur verið stafrænt undirritað af Auðkenni. Vottaður skal vísa til þess að hafa fengið útgefið frá Auðkenni gilt stafrænt skilríki sem hefur ekki verið afturkallað.

Afturköllunarlisti (e. Certificate Revocation List - CRL)

Safn rafrænna gagna sem inniheldur upplýsingar um afturkölluð stafræn skilríki.

Vottunarstöð (e. Certification Authority - CA)

Auðkenni eða aðili sem er samþykktur af Auðkenni til að gefa út stafræn skilríki til notenda í kerfi (e. hierachy) stafrænna skilríkja. Auðkenni er vottunarstöð áskrifanda í samningi þessum.

Einkalykill (e. Private key)

Stærðfræðilegur lykill sem haldið er leyndum af eiganda hans og er notaður til að búa til rafræna undirskrift eða dulráða rafræn gögn.

Dreifilykill (e. Public key)

Stærðfræðilegur lykill sem er aðgengilegur opinberlega og er notaður til að sannprófa stafræna undirskrift sem gerð er með samstæðum einkalykli eða til að dulrita gögn sem aðeins er hægt að dulrita með samstæðum einkalykli.

Áskrifandi (e. Subscriber)

Sá sem stafrænt skilríki er gefið út til og notar einkalykilinn sem svarar til dreiflykilsins í skilríkinu.

2. Heimild til að nota stafrænt skilríki:

2.1 Veiting heimildar

Auðkenni veitir áskrifanda, frá upphafi gildistíma og í þann tíma sem kveðið er á um í 6 hluta, heimild til að nota stafrænt skilríki frá Auðkenni til að undirrita rafrænt, dulrita, auðkenna aðila eða framkvæma aðrar gerðir sem almennt tengjast dreifilyklaskipulagi þar sem framkvæmdar eru aðgerðir með einka- eða dreiflyklum.

Áskrifandi samþykkir skilmála samnings þessa og vottunarframkvæmdar Auðkennis sem finna má á veffanginu <http://www.audkenni.is/skjalasafn>.

Áskrifandi samþykkir að nota skilríkið frá Auðkenni eingöngu við einka- eða dreifilykla aðgerðir er varða hann sjálfan eða félag/stofnun sem hann tengist, eftir því sem við á hverju sinni.

2.2 Takmarkanir á heimild

Áskrifandi skal eingöngu nota meðfylgjandi starfrænt skilríki í tengslum við réttilega leyfisveittan dulkóðunarhugbúnað.

3. Þjónusta veitt af Auðkenni:

Öll þjónusta sem Auðkenni veitir vegna stafrænna skilríkja stjórnast af vottunarframkvæmd Auðkennis eins og hún er á hverjum tíma og er hún hluti af samningi þessum samkvæmt tilvísun.

Eftir að samningur þessi kemur til framkvæmdar og greiðsla hefur verið innt af hendi á öllum viðeigandi gjöldum, mun Auðkenni eða annar aðili tilnefndur af Auðkenni, til viðbótar við veitingu heimildar samkvæmt 2 hluta, veita eftirfarandi þjónustu til áskrifanda samkvæmt samningi þessum:

3.1 Aðgengi afturköllunarlista (e. CRL Availability)

Hafa eðlilega (e. reasonable) fyrirhöfn við að safna saman, leggja saman og gera rafrænt aðgengilegan öllum vottunarstöðvum og vottuðum notendum í skilríkjakerfinu gildandi afturköllunarlista ef slíkt á við; að því tilskyldu, hins vegar, að Auðkenni skal ekki teljast brotlegt gegn skyldum sínum sem verður vegna tafar eða misbrests á framkvæmd af þess hálfu, sem orsakast af bilun í búnaði eða fjarskiptum sem ekki er á valdi Auðkennis að stjórna með eðlilegum hætti.

3.2 Afturköllunarstaða (e. Revocation Status Services)

Hafa eðlilega fyrirhöfn við að veita vottunarstöðvum, vottuðum notendum og notendum stafrænna skilríkja þeirra í kerfinu, upplýsingar varðandi stöðu tiltekins stafræns skilríkis; að því tilskyldu, hins vegar, að Auðkenni skal ekki teljast brotlegt gegn skyldum sínum sem verður vegna tafar eða misbrests á framkvæmd af þess hálfu, sem orsakast af bilun í búnaði eða fjarskiptum sem ekki er á valdi Auðkennis að stjórna með eðlilegum hætti.

3.3 Afturköllun stafrænna skilríkja

Afturkalla stafrænt skilríki áskrifanda tafarlaust (e. promptly) að beiðni hans. Auðkenni samþykkir að eftir að hafa afturkallað stafrænt skilríki að beiðni áskrifanda, skal það tafarlaust gefa út nýtt stafrænt skilríki honum til handa, eftir sannprófun og samþykki viðeigandi vottunarstöðvar og greiðslu frá áskrifanda á þágildandi gjaldi, samkvæmt þágildandi áskrifendasamningi og vottunarframkvæmd.

Auðkenni má einhliða afturkalla skilríki ef áskrifandi hefur ekki staðið við greiðslur eða hann uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum eða vottunarframkvæmd Auðkennis.

4. Skyldur áskrifenda:

4.1 Upplýsingar til auðkenningar

Ef nafn áskrifanda sem fram kemur í umsókn um stafræna skilríkið sem áskrifandi lét Auðkenni í té í því skyni að fá fylgjandi stafrænt skilríki breytist, skal áskrifandi þegar í stað tilkynna Auðkenni það, hætta að nota stafræna skilríkið og óska eftir því við Auðkenni að afturkalla skilríkið.

Ef einhverjar aðrar þýðingarmiklar upplýsingar, þ.á.m. nafn félags/stofnunar áskrifanda breytist frá því sem kemur fram í umsókn um skilríkið, skal áskrifandi þegar í stað tilkynna Auðkenni það, hætta að nota stafræna skilríkið og óska eftir því við Auðkenni að afturkalla skilríkið.

Auðkenni samþykkir að það skal tafarlaust, eftir að hafa afturkallað skilríki að beiðni áskrifanda, gefa út nýtt stafrænt skilríki honum til handa, eftir sannprófun og samþykki viðeigandi vottunarstöðvar og greiðslu frá áskrifanda á þágildandi gjaldi.

Áskrifandi samþykkir að hætta að nota og fjarlægja varanlega úr notkunarbúnaði sínum skilríki sem runnið er út eða hefur verið afturkallað og nota það eingöngu til tilvísunar og endurheimtar.

4.2 Stafrænu skilríki stofnað í hættu

Ef áskrifandi hefur á gildistíma skilríkis síns einhverja ástæðu til að ætla að öryggi einkalykils hans geti hafa verið stofnað í hættu, skal áskrifandi þegar í stað óska eftir því við Auðkenni að afturkalla stafræna skilríkið og Auðkenni skal tafarlaust afturkalla stafræna skilríkið að beiðni áskrifanda.

4.3 Heimild til að birta upplýsingar

Áskrifandi samþykkir að Auðkenni má birta stafræna skilríkið hans í sambandi við samsetningu Auðkennis á afturköllunarlista og upplýsinga um stöðu afturköllunar, innan og utan skilríkjakerfis Auðkennis.

4.4 Samþykkt skilríkis og tilkynning vegna villna

Áskrifandi samþykkir að tilkynna Auðkenni þegar í stað ef það er villa í útgefnu skilríki.

Áskrifandi telst hafa samþykkt skilríki (I) ef hann notar skilríkið (II) ef engin viðbrögð hafa borist frá honum innan 15 daga frá móttöku skilríkisins, hvort heldur gerist á undan.

Með því að samþykkja skilríkið þá tekur áskrifandi á sig þá ábyrgð að halda yfirláðum yfir einkalykli sínum, nota örugg kerfi, og grípa til viðeigandi ráðstafana til að kom í veg fyrir að honum sé týnt, hann afhjúpaður eða notaður með óheimilum hætti.

5. HÖFNUN OG TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR:

UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM (FYRIR UTAN SVIK OG VÍSIVITAND MISFERLI) SKAL Auðkenni VERA ÁBYRGT FYRIR HVERS KONAR ÓBEINU, TILVILJANAKENDU EÐA AFLEIDDU TJÓNI, EÐA HVERS KONAR MISSI Á HAGNAÐI, MISSI GAGNA, EÐA ANNARS KONAR ÓBEINUM, AFLEIDDUM EÐA REFSIKENNDUM BÓTUM SEM ORSAKAST AF EÐA Í SAMBANDI VIÐ NOTKUN, AFHENDINGU, LEYFI, VIRKNI EÐA ÓVIRKNI SKILRÍKJA, RAFRÆNNA UNDIRSKRIFTA, EÐA HVERS KONAR FRAMKVÆMDA, AÐGERÐA EÐA ÞJÓNUSTU SEM BOÐIN ER EÐA ÁFORMUÐ Í VOTTUNARFRAMKVÆMDINNI (CPS), NEMA FYRIR TJÓN SEM VERÐUR VEGNA ÞESS AÐ TREYST ER Á (Í SAMRÆMI VIÐ VOTTUNARFRAMKVÆMDINA) UPPLÝSINGAR Í SKILRÍKI SEM VORU SANNPRÓFAÐAR Á ÞEIM TÍMA SEM SKILRÍKIÐ VAR GEFIÐ ÚT UPP AÐ ÞEIRRI FJÁRHÆÐ OG SAMKVÆMT ÞEIM TAKMÖRKUN SEM GILDA VARÐANDI FYLGJANDI SKILRÍKI OG KOMA FRAM Í TRYGGINGARSKILMÁLUM AUÐKENNIS. Auðkenni ER EKKI ÁBYRGT Í ÞESSUM TILVIKUM EF VILLAN Í ÞESSUM SANNPRÓFUÐU UPPLÝSINGUM ER VEGNA SVIKA EÐA VÍSIVITANDI MISFERLIS AF HÁLFU ÁSKRIFANDA. Auðkenni ER EKKI ÁBYRGT Í ÞESSUM TILVIKUM EF ÁSKRIFANDI HEFUR EKKI VIRT SKYLDUR SÍNAR SAMKVÆMT SAMNINGI ÞESSUM EÐA VOTTUNARFRAMKVÆMD AUÐKENNIS.

6. Lok gildistíma:

Samningur þessi skal enda í fyrsta lagi einu ári frá upphafi gildistíma eða við misbrests af hálfu áskrifanda á að framkvæma einhverja af efnislegum skyldum sínum samkvæmt samningi þessum ef ekki er ráðin bót á misbrestinum innan (30) daga frá móttöku tilkynningar þar um frá Auðkenni.

7. Áhrif loka samningsins:

Við lok samnings þessa, af hvaða ástæðu sem er, skal Auðkenni afturkalla skilríki áskrifanda í samræmi við starfsreglur Auðkennis sem eru í gildi á þeim tíma. Við afturköllun skilríkis áskrifanda, af hvaða ástæðu sem er, er öllum heimildum til handa áskrifanda samkvæmt 2. hluta lokið.

8. Lagaval:

Íslensk lög (án tillits til lagaskilareglna) skulu ráða gildi samnings þessa, túlkun ákvæða hans og fullnustu og efndum á réttindum og skyldum aðila hans.

9. Bindandi áhrif:

Nema annað komi fram í samningi þessum skal hann vera bindandi og til hagsbóta fyrir erfingja, eftirmenn, framkvæmdaraðila, skiptastjóra, fulltrúa, stjórnendur og framsalshafa aðila samnings þessa. Hvorki samningur þessi né stafrænt skilríki áskrifanda er framseljanlegt af hálfu áskrifanda. Allir gerningar sem gefa slíkt til kynna skulu vera ógildir og hafa engin áhrif og veita Auðkenni rétt til að rifta samningi þessum.

10. Aðskilnaður:

Ef einhver ákvæði samnings þessa eða beiting þeirra, verður að einhverjum ástæðum, og að hvaða marki sem er, ógilt eða óframkvæmanlegt, skulu önnur ákvæði samningsins og beiting þeirra gagnvart öðrum aðilum og kringumstæðum, vera túlkuð á þann hátt sem hefur best áhrif með tilliti til ætlunar aðila samkvæmt samningi þessum.

ÞAÐ ER SKÝRLEGA SKILIÐ OG SAMÞYKKT AÐ ÖLL ÁKVÆÐI SAMNINGS ÞESSA SEM KVEÐA Á UM TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ, HÖFNUN ÁBYRGÐAR EÐA ÚTILOKUN BÓTA ER ÆTLAÐ AF AÐILUM AÐ GILDA SJÁLFSTÆTT OG ÓHÁÐ ÖÐRUM ÁKVÆÐUM OG FRAMFYLGT SEM SLÍKUM.

11. Samningurinn í heild:

Þessi samningur myndar skilning og samkomulag aðila hans í heild sinni hvað varðar efni samningsins og gildir umfram alla fyrri eða samhliða samninga og skilning milli aðilanna.

12. Tilkynningar:

Hvenær sem áskrifandi vill eða skal tilkynna, krefjast eða óska einhvers frá Auðkenni í tengslum við samning þennan, skulu slík boðskipti vera skrifleg og skulu aðeins vera gild ef þau eru afhent af boðbera sem staðfestir afhendingu boðanna, eru send í ábyrgðarpósti eða með rafrænt undirrituðum tölvupósti og skulu boðin stíluð á:

Auðkenni ehf.

Engjateigi 3
105 Reykjavík

netfang: umsoknir@audkenni.is

Slík boð eru virk frá því að þau hafa verið móttekin.

13. Vörumerki:

Á grundvelli samnings þessa eða framkvæmdar hans, skulu áskrifandi og Auðkenni ekki öðlast neins konar rétt til hvers konar vörumerkis hins aðilans og skulu ekki nota eða notfæra sér þau á neinn hátt vegna hvernar ástæðu sem er, nema slíkt sem skriflega heimilað af aðilanum sem á öll réttindi til slíks vörumerkis.